Breytingatillögur borgarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2027

J-1, tillaga um laun borgarfulltrúa taki ekki hækkunum miðað við launavísitölu.

Lagt er til að grunnlaun og álagsgreiðslur borgarfulltrúa og fyrstu varaborgarfulltrúa taki ekki hækkunum árið 2027 miðað við launavísitölu. Þar með myndi þóknun annarra en borgarfulltrúa og fyrstu varaborgarfulltrúa fyrir nefndarsetu ekki hækka. Áætluð hagræðing í launum fyrir árið 2027 er 29.721 þ.kr. Lagt er til að handbært fé verði hækkað um samsvarandi fjárhæð.

J-2, tillaga um að hækka fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs um 2,2 milljarða.

Lagt er til að skóla- og frístundasvið fái undanþágu frá 2,5% hagræðingarkröfu sem ákveðin var við frumvarp fjárhagsáætlunar 2027. Lagt er til að handbært fé verði lækkað um samsvarandi fjárhæð.

Greinargerð:
Ekki er tímabært að skera niður eins mikið og er áætlað á skóla- og frístundasviði. Sviðið er einna helst bundið föstum liðum á borð við laun, launatengd gjöld og innri leigu. Erfitt er að finna svigrúm sem grefur ekki undan faglegu starfi skóla- og frístundasviðs og eykur álag. Óábyrgt væri að draga saman seglin þar sem þörf er á minniháttar viðhaldi til að fyrirbyggja stórfelld húsæðisvandamál í skólum seinna meir, Innleiðing stórsóknar í menntamálum mun krefjast fjárfestingu og finna þarf lausnir sem draga úr álagi og veikindum. Slíkt gerist ekki með 2,2 ma.kr. niðurskurði.

J-3, tillaga um aukningu á eiginfjárframlagi til Félagsbústaða.

Lagt er til að eiginfjárframlag Reykjavíkurborgar til Félagsbústaða verði aukið um 1.000 m.kr. árlega á árunum 2027–2031 og að fjárfestingaráætlun félagsins verði endurskoðuð með það að markmiði að fjölga almennum félagslegum leiguíbúðum um að minnsta kosti 100 á ári. Samhliða verði mótuð tímasett aðgerðaáætlun um að stytta biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði verulega á tímabilinu með það að markmiði að hann yrði helmingi styttri í árslok 2031 en í árslok 2026. Lagt er til að handbært fé verði lækkað um samsvarandi fjárhæð.

Greinargerð:
Samkvæmt greinargerð Velferðarsviðs er gert ráð fyrir að 799 verði á biðlista eftir félagslegu húsnæði í árslok 2026 og 732 í árslok 2027. Þrátt fyrir fyrirhugaða uppbyggingu Félagsbústaða verður því áfram veruleg óuppfyllt þörf fyrir félagslegt leiguhúsnæði í borginni. Nauðsynlegt er að hraða fjölgun félagslegra leiguíbúða til þess að tryggja húsnæðisöryggi þeirra sem eiga þess ekki kost á að tryggja sér viðunandi húsnæði á almennum markaði. En með auknu eiginfjárframlagi Reykjavíkurborgar skapast svigrúm til hraðari stækkunar eignasafns Félagsbústaða án þess að fjármögnun uppbyggingarinnar hvíli um of á lántöku og leigugreiðslum núverandi leigjenda. Tillagan tekur einnig á þeim vanda að um 46% af sérstökum húsnæðisstuðningi borgarinnar, eða 828 m.kr. á árinu 2027, er varið til stuðnings við leigjendur á almennum leigumarkaði. Sá stuðningur er nauðsynlegur í því ástandi sem ríkir en rennur óhjákvæmilega að stóru leyti í vasa gróðadrifinna leigusala og ýtir því ásamt leigubótum frá ríkinu undir óeðlilega hátt leiguverð. Með styttri biðlistum Félagsbústaða munu fleiri komast að og húsnæðisstuðningur borgarinnar verður því í minna mæli gleyptur af hagnaðardrifnum leiguhækkunum. Með metnaðarfullri uppbyggingu Félagsbústaða munu því bæði biðlistar styttast og stuðningur borgarinnar verða markvissari og stuðla að heilbrigðari húsnæðismarkaði.

Reykjavík